

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Arndísi Önnu Kristínardóttur Gunnarsdóttur um flutning einstaklinga til Íraks og endurviðtöku.

1. *Hversu margir einstaklingar hafa verið fluttir til Íraks af hálfu íslenskra stjórnvalda gegn vilja sínum á undanfönum premur árum?*

Fjórir einstaklingar hafa verið fluttir í fylgd löggreglu til Íraks. Fyrirhugaðir eru fleiri slíkir flutningar.

2. *Eru íslensk stjórnvöld í viðræðum við íróksk stjórnvöld um endurviðtöku írakskra ríkisborgara sem vísað hefur verið úr landi? Efsvo er, hvað líður þeim viðræðum og hverjar eru formlegar kröfur íslenskra stjórnvalda varðandi móttöku fólks í kjölfar endurviðtöku?*

Stoðdeild ríkislöggreglustjóra er í virku samtali við íróksk stjórnvöld um endurviðtöku eigin ríkisborgara sem hafa fengið frávísun eða brottvísun frá Íslandi og neita að fara sjálfviljugir. Það samtal grundvallast á viðræðum Evrópusambandsins við íróksk stjórnvöld síðastliðin ár um að taka á móti eigin ríkisborgurum í þvinguðum flutningum.

Samkvæmt gildandi lögum er það á ábyrgð Útlendingastofnunar og kærunefndar útlendingamála að meta hvort umsækjandi um alþjóðlega vernd eigi að fá efnismeðferð hér á landi, og þannig mögulega áframhaldandi dvöl, eða hvort vísa eigi honum úr landi. Við rannsókn þeirra er litið til frásagnar umsækjanda, gagna sem hann leggur fram og til þeirra upplýsinga sem liggja fyrir um aðstæður í viðtökuríki hans, t.d. skýrslur og gögn alþjóðlegra samtaka, frjálsra félagasamtaka og annarra ríkja. Við slíkt mat taka stjórnvöld m.a. afstöðu til þess hvort synjun umsóknar brjóti gegn alþjóðlegum skuldbindingum Íslands, svo sem 3. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og 42. gr. laga um útlendinga (e. *non-refoulement*). Öll mál eru því skoðuð og metin á einstaklingsbundnum grundvelli með tilliti til sérstakra aðstæðna hvers og eins. Að þessu sögðu eru engar sérstakar formlegar kröfur settar af íslenskum stjórnvöldum varðandi móttöku ríkja á eigin ríkisborgurum. Ráðuneytið bendir jafnframt á að írakskir ríkisborgarar sem er vísað úr landi geta farið sjálfviljugir til Íraks með aðstoð íslenskra stjórnvalda, þar á meðal með fjárhagsstyrk til að stuðla að enduraðlögun þeirra í heimaráki.